

KONUNGLEG AUGLÝSING

59
11. okt.

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldenberg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð
Vorri til Svíaríkis, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu
þegnum, að Vjer höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem
Vjer 7. þ. m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr.
dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur
í fjarvist Vorri syni vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa
Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gefið á Sorgenfri höll, 11. október 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.